



SJÓMANNAFÉLAG EYJAFJARÐAR

Skipagötu 14 · Pósthólf 26 · 602 Akureyri · Sími 96-25088 · Kt. 570269-0899 · Nnr. 8134-6925

Alþingi

Erindi nr. P 120/1536

komudagur 17/4 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Akureyri 15. apríl 1996

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Á fundi stjórnar Sjómannafélags Eyjafjarðar þann 15. apríl 1996 var fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Stjórn Sjómannafélags Eyjafjarðar telur frumvarpið í heild sinni alvarlega íhlutun í innri mál stéttarfélaga. Frumvarpið er gróf árás á sjálfstæði verkalýðsfélaga, og minnar völd einstaklinga í þeim, það rýrir rétt íslenskra launþega og hleypir öllum eðlilegum samskiptum á vinnumarkaði í uppnám. Frumvarpið er því bein árás á verkalýðshreifinguna og hinn almenna félagsmann.

Stjórn Sjómannafélags Eyjafjarðar hafnar frumvarpinu alfarið og skorar á stjórnvöld að draga það til baka þannig að aðilar vinnumarkaðarins geti áfram unnið í sátt um gerð rammasamnings um samskiptareglur á vinnumarkaði. Því hefur ekki verið mótmælt af verkalýðshreifingunni að samskiptareglur á vinnumarkaði þurfi að bæta til að gera kjaraviðræður samningsaðila markvissari og skilvirkari. Með einhliða framlagningu frumvarpsins rauf félagsmálaráðherra grið í málinu. Nái frumvarpið fram að ganga mun það kalla á aukin átök á vinnumarkaði.

Stjórn Sjómannafélags Eyjafjarðar telur ekki ástæðu til að gefa efnislega umsögn um hverja grein frumvarpsins, en ítrekar áskorun til stjórnvalda um að draga frumvarpið nú þegar til baka.

f.h. Sjómannafélags Eyjafjarðar


Konráð Alfredsson formaður

Samrit sent öllum þingmönnum og miðstjórn ASÍ